

6. mars 2023

## **Yfirlýsing vegna áforma sveitarfélaga á Suðurlandi um svæðisskipulag fyrir suðurhluta miðhálandis Íslands**

*Tillaga sveitarfélaga á Suðurlandi að skipulagi Suðurrhálandisins er óásættanleg og er ógn við sérstöðu Hálandisins og þeim einstöku verðmætum sem þar er að finna.*

*Eldvötn (samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi), Ferðafélag Ísland, Landvarðafélag Íslands, Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Ísland, Náttúruverndarsamtök Suðurlands og Ungir umhverfissinnar, hafa kynnt sér vinnslutillögu sveitarfélaga á Suðurlandi um [svæðisskipulag fyrir suðurhluta miðhálandis Íslands](#).*

Samtökin telja afar mikilvægt að þau sveitarfélög sem liggja næst miðhálandinu beiti sér fyrir verndun þess og varðveislu þeirra verðmæta sem þar er að finna. En fyrirliggjandi tillaga er ekki til þess falin.

Hálendi Íslands er ein verðmætasta auðlind Íslands og að mestu leyti þjóðlenda. Hálendið er mikilvægt útivistarsvæði bæði fyrir erlenda gesti og Íslendinga og ríkur þáttur í sjálfsvitund Íslendinga. Óbyggð víðerni eru víða á hálendinu, stór landsvæði þar sem ummerkja mannsins gætir lítið sem ekkert og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum. Í náttúruverndarlögum segir að standa beri vörð um óbyggð víðerni landsins.

Þeim verðmætum sem er að finna í hálendinu er ógnað af margvíslegum áformum um m.a. orkumannvirki, uppbyggða vegi, þjónustubugri ferðaþjónustu, áætlunum um háspennulínur og of miklu beitarálagi á viðkvæmum svæðum. Sú tillaga sem nú hefur verið lögð fram af sveitarfélögum á Suðurlandi felur ekki í sér öflugri vernd miðhálandisins. Þvert á móti felur tillagan í sér stefnu sem mun umbreyta hálendinu, raska og spilla þeim þáttum sem gera það verðmætt.

Meðal áforma sveitarfélaganna er að koma upp uppbyggðum, malbikuðum vegum sem munu spilla óbyggðaupplifun á hálendinu, skerða víðerni og gera vernd náttúru þess erfiðari vegna aukins álags. Malbikuðum uppbyggðum vegum þar sem aka má með allt að 90 km hraða um helming ársins fylgja óæskilegar og óafturkræfar breytingar og aukinn umferð. Hálendið er til að njóta en ekki spilla með vaxandi umferð sem fer hratt yfir.

Í tillögunni er einnig gert ráð fyrir mannvirkjabelti þvert yfir hálendið fyrir orkuver og háspennulínur. Með þessu yrði hálendið klofið í tvennt en verðmæti þess felast ekki hvað síst í samfellu og stærð. Á Íslandi er að finna um 40% af villtustu víðernum í Evrópu og það er á ábyrgð okkar að standa vörð um þau.

Samtökin telja að líta þurfi á miðhálandið sem heild og að varasamt sé að fjalla um hálendið í bútum. Sveitastjórnarmörk eru mannanna verk sem taka sífelldum breytingum. Miðhálandi Ísland hefur sín eigin náttúrulegu mörk sem eiga að vera leiðarstef við gerð skipulags.

Hálendið er sameign allrar þjóðarinnar og ríkt í þjóðarvitund Íslendinga. Stefnu um vegagerð og umfangsmikla mannvirkjagerð sem hefði mikil áhrif á hálendið bera að móta á breiðum vettvangi þjóðarinnar með aðkomu Alþingis.

Samtökin hvetja sveitarfélögin á Suðurlandi til að endurskoða framlagða stefnu um uppbyggingu mannvirkja á hálendi Íslands.

Yfirlýsingin beinist til og er send eftirfarandi aðilum:

Sveitarstjórnar Skaftárhrepps, [kaustur@klaustur.is](mailto:kaustur@klaustur.is); [oddviti@klaustur.is](mailto:oddviti@klaustur.is)

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps, [myrdalshreppur@vik.is](mailto:myrdalshreppur@vik.is); [oddviti@vik.is](mailto:oddviti@vik.is)

Rangárþing ytra, [ry@ry.is](mailto:ry@ry.is); [eggertvalur@ry.is](mailto:eggertvalur@ry.is)

Rángárþing eystra, [hvolsvollur@hvolsvollur.is](mailto:hvolsvollur@hvolsvollur.is); [tomas@hvolsvollur.is](mailto:tomas@hvolsvollur.is)

Ásahreppur, [asahreppur@asahreppur.is](mailto:asahreppur@asahreppur.is); [isleifur@asahreppur.is](mailto:isleifur@asahreppur.is)

Sveitastjórn Grímsnes- og Grafningshrepps, [gogg@gogg.is](mailto:gogg@gogg.is);

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar, [blaskogabyggd@blaskogabyggd.is](mailto:blaskogabyggd@blaskogabyggd.is); [oddviti@blaskogabyggd.is](mailto:oddviti@blaskogabyggd.is)

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps, [hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is); [jonbjarna@fludir.is](mailto:jonbjarna@fludir.is)

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps, [skeidgnup@skeidgnup.is](mailto:skeidgnup@skeidgnup.is); [haraldur@skeidgnup.is](mailto:haraldur@skeidgnup.is)

Til upplýsingar verður yfirlýsingin einnig send til fjölmiðla.